

Reglur um staðbundið vöruúrval

1. gr.

Reglum um staðbundið vöruúrval er ætlað að stuðla að því að vöruúrval hvernar vínbúðar geymi vörutegundir (vörunr.) sem sérstök eftirspurn er eftir í viðkomandi vínbúð en eru ekki hluti af vöruúrvali viðkomandi vínbúðar skv. öðrum reglum.

2. gr.

Staðbundið vöruúrval hvernar vínbúðar skal að jafnaði samanstanda af [30]¹ vörutegundum (vörunr.) að hámarki.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt, tímabundið við sérstakar aðstæður, að láta staðbundið vöruúrval hvernar vínbúðar samanstanda af allt að [40]² vörutegundum (vörunr.).

3. gr.

Staðbundið vöruúrval í vínbúðum skal endurskoðað í febrúar, júní og október ár hvert.

4. gr.

Yfirlit yfir staðbundið vöruúrval hvernar vínbúðar, þ.e. vörutegundir (vörunr.), skal birt á vefsvæði ÁTVR.

5. gr.

Reglur þessar eru settar með vísan til 27. gr. vöruvalsreglugerðar nr. 1106/2015.

6. gr.

Reglur þessar taka gildi nú þegar.

Reykjavík, 3. mars 2016,

Sigrún Ósk Sigurðardóttir

¹ Sbr. 1. gr. reglna um breytingu á reglum um staðbundið vöruúrval dags. 7. júní 2018.

² Sbr. 2. gr. reglna um breytingu á reglum um staðbundið vöruúrval dags. 7. júní 2018.